

Hluti af vefþjónustum í Gagnaveitu Vegagerðarinnar eru á Geoserver (<http://gagnaveita.vegagerdin.is/geoserver/gis/ows?>). Hægt er að tengjast vefþjóni með forritum eins og ArcGIS eða QGIS, en einnig er hægt að sækja gögnin beint á vefþjóninn. Hægt að er að kalla eftir þeim á mismunandi sniði. Á heimasíðu Geoserver (<http://geoserver.org/>) má finna ítarlegar upplýsingar um hvernig kallað er á vefþjónustur með parametrum.

Snjómokstursleiðir - hnitaferlar

Í þessari þjónustu eru hnitaðar snjómokstursleiðir sem hægt er að tengja við færðarupplýsingar með eigindinni IDBUTUR. Til að hægt sé að tengja saman færð og snjómokstursleiðir þarf alltaf að vera með nýjustu útgáfuna af snjómokstursleiðum. Hægt er að athuga aldur leiðar með því að skoða útgáfudagsetningu. Snjómokstursleiðir eru uppfærðar að jafnaði 4-6 sinnum á ári. Í þjónustunni eru einnig upplýsingar um þjónustustig og snjómokstursreglur.

Hér er dæmi um hvernig má kalla vefþjónustu fyrir snjómokstursleiðir. Sjálfgefið snið á þjónustunni er GML2:

http://gagnaveita.vegagerdin.is/geoserver/gis/ows?service=WFS&version=1.0.0&request=GetFeature&typeName=gis:faerdferlar2017_1

Hægt er að bæta við parametrum:

Hnitakerfi

srsName=EPGS:3057 (ISN93)

srsName= EPGS:4326 (WGS84)

Skilyrði

cql_filter=NAKVAEMNIFERLIS=0

Gagnasnið

outputFormat=GML2: WFS 1.0.0

outputFormat=GML3: WFS 1.1.0

outputFormat=shape-zip: Þjöppuð shape skrá (ZIP)

outputFormat=application/json: json

outputFormat=text/javascript

outputFormat=csv: Comma Separated Values

Dæmi um vefþjónustu fyrir snjómokstursleiðir í vörpun WGS84 (srsName= EPGS:4326), í mestu nákvæmni (cql_filter=NAKVAEMNIFERLIS=0) og á json formati:

http://gagnaveita.vegagerdin.is/geoserver/gis/ows?service=WFS&version=1.0.0&request=GetFeature&typeName=gis:faerdferlar2017_1&srsName=EPSG:4326&cql_filter=NAKVAEMNIFERLIS=0&outputFormat=application/json

Eigindi fyrir færðarferla (gis:faerdferlar2017_1)

Heiti	Tag	Lýsing	Dæmi (json)
OBJECTID	INT	Einkvæmt númer fyrir feril	3996
STUTTNAFNLEIDAR	STRING	Stutt heiti á snjómokstursleið sambærilegt við heiti í textavarp	Reynishverfisvegur
STADARLYSING	STRING	Nánari lýsing á einstaka hluta snjómokstursleiðar	Reynishverfisvegur
IDFERILL	INT	Númer á ferli, hver ferill getur komið fyrir 3 sinnum eftir þynningu gagna. Sjá skýringar við NAKVAEMNIFERILS	2848
IDBUTUR	INT	Númer leiðar á vegakerfi sem tengist færðarupplýsingum í gagnaveitunni	901100010
VEGNR	STRING	Vegnúmer	215
KAFLANR	STRING	Kaflanúmer	02
VEGHLUTI	INT	Lýsing á gerð miðlínu.	1
SUNNUDAGUR	INT	Er mokað á viðkomandi degi?	1
MANUDAGUR	INT	Er mokað á viðkomandi degi?	1
THRIDJUDAGUR	INT	Er mokað á viðkomandi degi?	0
MIDVIKUDAGUR	INT	Er mokað á viðkomandi degi?	1
FIMMTUDAGUR	INT	Er mokað á viðkomandi degi?	1
FOSTUDAGUR	INT	Er mokað á viðkomandi degi?	1
LAUGARDAGUR	INT	Er mokað á viðkomandi degi?	0
SNJOMOKSTURSREGLA	STRING	Upplýsingar um hversu oft í viku leiðin er mokuð	5X
VIRKURDAGUROPIDFRA	DATE	Klukkan hvað þjónusta hefst á virkum degi	08:00
VIRKURDAGUROPIDTIL	DATE	Klukkan hvað þjónusta lýkur á virkum degi	17:00
HELGIOPIDFRA	DATE	Klukkan hvað þjónusta hefst um helgar	08:00
HELGIOPIDTIL	DATE	Klukkan hvað þjónusta lýkur um helgar	16:00
HELMINGAMOKSTUR	INT	Helmingamokstursregla	0
THJONUSTUFLOKKUR	INT	Þjónustuflokkur vetrarþjónustu	3
NAKVAEMNIFERILS	INT	Gagnasafnið kemur í þremur útgáfum eftir því hve hnit ferlanna eru þynnt mikið. Það er hugsað fyrir birtingu í mismuandi mælikvörðum	0
DAGSFERILS	DATE	Útgáfudagsetning (ISO 8601)	2018-12-21T00:00:00Z
SHAPE	LINESTRING	Hnit ferilsins x,y,z. Ef z er 0 þýðir það í flestum tilvikum að upplýsingar um hæð viðkomandi punkts vantar. Hægt er að fá ferlana í mismunandi hnitakerfum eins og ISN93 og WGS84.	[-19.0480236,63.415419,0],[-19.04793777,63.41418381,0],...

Hér er lýst helstu eigindum og gildum í vefþjónustunni. Nánari skilgreiningar á SNJOMOKSTURSREGLA, HELMINGAMOKSTUR og THJONUSTUFLOKKUR má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar.

Dálkurinn VEGHLUTI inniheldur föst gildi:

- 0: Miðlína vegar
- 3: Miðlína aðreinar
- 4: Miðlína fráreinar
- 5: Hringtorg
- 6: Akbraut með kaflastefnu
- 7: Akbraut á móti kaflastefnu

Dálkurinn SNJOMOKSTURSREGLA inniheldur föst gildi. Um mokstursdagana gildir að: „**Vegagerðin getur frestað mokstri ef veður er óhagstætt, eins og í snjókomu eða skafrenningi, eða þegar slíkt veður er fyrirsjáanlegt. Er þá mokað næsta dag sem veður leyfir**“.

EKKI_MOKAD : Engin vetrarþjónusta

2X : F-REGLA, þjónusta 2 daga í viku

3X : E-REGLA, þjónusta 3 daga í viku

4X : D-REGLA, þjónusta 4 daga í viku

5X : C-REGLA, þjónusta 5 daga í viku

6X : B-REGLA, þjónusta 6 daga í viku

7X : A-REGLA, þjónusta 7 daga í viku

VOR_HAUST: G-REGLA, Heimilt er að moka 2 sinnum í viku vor og haust á meðan „snjólétt“ er.

Hausttímabilið er skilgreint til 1. nóvember og vortímabil frá 20. mars.

TILFALLANDI : Tilfallandi mokstur skv. ákvörðun viðkomandi sveitarfélags

FLUGMOKSTUR : Mokstur í tengslum við áætlanarflug

HELMINGAMOKSTUR

0: Ekki er um helmingamokstur að ræða

1: Um snjómokstursleiðina gildir regla um helmingamokstur

THJONUSTUFLOKKUR lýsir þjónustustigi á viðkomandi snjómokstursleið.

1: Þjónustuflokkur 1

2: Þjónustuflokkur 2

3: Þjónustuflokkur 3

4: Þjónustuflokkur 4

Boðið er upp á þrjár útgáfur af ferlum. Ferlarnir eru mismikið þynntir fyrir mismunandi mælikvarða.

Dálkurinn NAKVAEMNIFERILS inniheldur föst gildi:

0: lítið þynnt

1: miðlungs þynnt

2: mikið þynnt

SUNNUDAGUR-LAUGARDAGUR segir til um hvort vegur sé í þjónustaður á viðkomandi degi.

0: Ekki mokað

1. Mokað

9: Jarðgöng, mokstur óþarfur

Null: á ekki við. Vegurinn er ekki í vetrarþjónustu eða þegar um tilfallandi mokstur er að ræða.

VIRKURDAGUROPIDFRA og VIRKURDAGUROPIDTIL segir til um hvenær dags vegurinn er þjónustaður á virkum degi t.d.:

VIRKURDAGUROPIDFRA: 07:30, VIRKURDAGUROPIDTIL: 19:30: Þjónustað milli 7:30 og 19:30

VIRKURDAGUROPIDFRA: 00:00, VIRKURDAGUROPIDTIL: 00:00: Þjónustað allan sólarhringinn

HELGIOPIDFRA og HELGIOPIDTIL segit til um hvænær dags vegurinn er þjónustaður um helgi t.d.:

HELGIOPIDFRA: 09:00, HELGIOPIDTIL 19:00: Þjónustað milli 9:00 og 19:00

HELGIOPIDFRA: 00:00, HELGIOPIDTIL: 00:00: Þjónustað allan sólarhringinn

Punktskránningar

Innhalda upplýsingar um staðbundið ástand á vegum.

Eigindi fyrir punktskránningar á færð (gis:faerdpunktar2017_1)

Heiti	Tag	Lýsing	Dæmi(json)
IDPUNKTUR	INT	Einkvæmt auðkenni punkts	19860
ASTAND	STRING	Ástand í punkti	VEGAVINNA
LYSING	STRING	Lýsing á ástandi í punktinum	Vegavinna
LYSINGEN	STRING	Lýsing á ástandi í punktinum (enska)	Road repairs
ATHS	STRING	Athugasemd eða nánari skýring	Vegavinna, nýbygging á 3,8 km. kafla frá Borgarfjarðarbraut að Gröf.
ATHSEN	STRING	Athugasemd eða nánari skýring (enska)	
IDBUTUR	INT	Nr. þeirrar leiðar á vegakerfi sem punkturinn er á.	904160006
DAGSKEYRTUT	DATE	Hvenær upplýsingar voru útbúnar (ISO 8601 form)	2018-03-08T15:39:24Z
DAGSSKRAD	DATE	Hvenær ástand var skráð (ISO 8601 form)	2018-01-19T11:09:41Z
GILDIRTIL	DATE	Dagur sem ástand í punkti gildir til (ISO 8601 form)	2018-08-31T12:00:00Z
SHAPE	POINT	Hnit punkts. Hægt er að fá hnit í mismunandi hnitakerfum eins og ISN93 og WGS84.	[377079,454473]

Dálkurinn Astand inniheldur föst, fyrirframskilgreind gildi og er í hástöfum. Dálkurinn getur innihaldið eftirfarandi:

VEGAVINNA: Vegavinna

ALLUR_AKSTUR_BANN: Allur akstur bannaður

VATNASKEMMDIR: Vatnaskemmdir

STEINKAST: Steinkast

OSLETTUR_VEGUR: Ósléttur vegur

ANNAD: Annað

Punktgögn sótt sem json í hnitakerfi wgs84:

http://gagnaveita.vegagerdin.is/geoserver/gis/ows?service=WFS&version=1.0.0&request=GetFeature&typeName=gis:faerdpunktar2017_1&srsName=EPSG:4326&outputFormat=application/json